

E 1/2019

Fyrirspyrjandi Jenis av Rana (Mfl.)
Til Norrænu ráðherranefndarinnar

Til Norrænu ráðherranefndarinnar

Skrifleg fyrirspurn**um að setja á fót sameiginlegt sjúkraskrárkerfi á Norðurlöndum**

Flokkahópur miðjumanna telur, á grundvelli einróma tillögu frá Norðurlandaráði æskunnar (UNR), að innleiða beri sameiginlegt sjúkraskrárkerfi á Norðurlöndum.

Norðurlandabúar færa og flytja sig um set milli landanna og þörf er á sameiginlegu sjúkraskrárkerfi til að tryggja betur öryggi sjúklingsins. Við núverandi aðstæður eru sjúklingagögn send með pósti milli hlutaðeigandi sjúkrahúsa. Þegar ekki er hægt að nálgast upplýsingar með skjótum hætti, um til að mynda sykursýki, blóðþynningar-meðferð og smitsjúkdóma, er hætt við að ástand sjúklingsins versni enn frekar og geti í bráðatilvikum dregið hann til dauða.

Sameiginlegt sjúkraskrárkerfi á Norðurlöndum hefur einnig þann kost í för með sér að hægt verður að bæta heilbrigðistölur um Norðurlöndin sem nýtast í vísindum og einnig heilsugæslu. Sjúkraskrárkerfið verður að vera öruggt og gæta réttinda þeirra Norðurlandabúa sem þar eru skráðir. Gagnakerfið þarf jafnframt að geta safnað upplýsingum sjálfkrafa, að fengnu samþykki sjúklingsins, úr þeim sjúkraskrárkerfum sem notuð eru á Norðurlöndum.

Frá sjónarmiði fyrri vinnu norrænu velferðarnefndarinnar eru flokkahópur miðjumanna og Norðurlandaráð æskunnar (UNR) sammála um að leggja til að aukið samstarf norrænu sjúkrahúsakerfanna og stafrænt samstarf sjúkrahúsanna verði tekið upp á næsta stig með því að koma á fót sameiginlegu sjúkraskrárkerfi á Norðurlöndum.

- Með svar Norrænu ráðherranefndarinnar í huga við tilmælum 30/2018 „Aukið norrænt samstarf í heilbrigðismálum“ er óskað eftir beinu svari við því hvort Norræna ráðherranefndin óski sérstaklega eftir að setja á fót sameiginlegt sjúkraskrárkerfi á Norðurlöndum?

Kaupmannahöfn, 7. mars 2019

Jenis av Rana (Mfl.)